

leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að þar eð honum hafi verið ávísað 50 kr. 121
af bráðabirgðauppbót þeirri til fátækustu brauða, sem veitt var með fjárlögum fyrir 25. maí.
1880 og 1881 12. gr. A. b. 1, og þessi upphæð nemur jafnmiklu og uppbót sú, er prestin-
um í Ögurþingum hefði borið fyrir hálfmissirið frá 6. sept.—6. desbr. f. á. hefði 2. gr.
laga frá 4. nóvbr. f. á. þá verið í gildi; en þá hefðu Ögurþing eigi getað orðið neins
aðnjótandi af tjeðri bráðabirgðauppbót — geti tillagi því, sem Ögurþingaprestakalli var
veitt með tjeðum lögum, eigi orðið ávísað úr jarðabókarsjóði fyrr en frá 6. desbr. f. á. að
telja, og hefi jeg skrifað landfógeta um að greiða nefnt tillag samkvæmt því, sem fyr-
ir er mælt í ráðgjafabrjefi frá 11. nóvbr. f. á., fyrsta sinn 6. marz þ. á. og síðan 50 kr.
á hverju hálfmissiri.

— Staðfesting konungs á skipulagsskrá styrktarsjóðs Hannesar Árnasonar til eflingar
heimspekilegum vísindum á Íslandi.

122

Vjer Cristian hinn níundi, af guðs náð Danmerkur 26. maí.
**konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Hollsetalandi, Stór-
mæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,**

gjörum kunnugt: Með erfðaskrá dagsettri 15. ágúst 1878 stofnaði sjera Hannes heit-
inn Árnason, kennari við prestaskólann í Reykjavík, sjóð, er nefnist „*Styrktarsjóður
Hannesar Árnasonar til eflingar heimspekilegum vísindum á Íslandi*“; hefir lands-
höfðingi vor yfir Íslandi samið skipulags-skrá sjóðsins, og er frumrit hennar fest við
brjef þetta. Með því nú að allrahæsta samþykkis vors á skipulags-skrá þessari hefir
beiðzt verið og æskt, þá höfum vjer allramildilegast staðfest hana, eins og vjer með
brjefi þessu staðfestum hana og samþykkjum; en staðfest eptirrit, samhljóða henni, hefir
ráðgjafi vor fyrir Ísland til geymslu tekið.

Fyrirbjóðum vjer hverjum sem einum að tálma því, er að framan er ritað.

Svo gjört í vorri aðsetuborg Kaupmannahöfn 26. maí 1882.

Vort konunglegt innsigli.

(L. S.)

Að allramildilegustu boði hans hátignar konungsins.

J. Nellesmann.

Skipulagsskrá

styrktarsjóðs Hannesar Árnasonar til eflingar heimspekilegum vísindum á Íslandi.

1.

Sjóðurinn myndast af fje því, er sjera Hannes heitinn Árnason, kennari við 123
prestaskólann í Reykjavík gaf með arfleiðslugjörð 15. ágúst 1878; var sjóðnum lagt fje 26. maí.
þetta út, er búi arfleiðanda var skipt, og borgaði *executor testamenti* landshöfðingjanum
yfir Íslandi það 12. febr. 1881 með 30,315 kr. 43 a.

2.

Höfuðstól sjóðsins stýrir landshöfðinginn yfir Íslandi samkvæmt reglum þeim, er
gilda um fje almennra stofnana. Um tekjur og gjöld sjóðsins skal hvert ár reikning gjöra
og birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða; af ávöxtum skal fyrst taka upphæð þá, er
greiða skal systur arfleiðanda samkvæmt 5. gr., meðan hún er á lífi, en afganginn skal
við höfuðstólinn leggja, unz hann hefir þeirri upphæð náð, að vextir af honum nægi til
að greiða af þeim 4 ára styrk þann, sem á er kveðið um í 3. gr.